

Kæri Sveitarstjóri,

Við leggjumst gegn því að farin verði leið ÞH um Teigsskóg þar sem Djúpifjörður og Gufufjörður eru þveraðir eins og lagt er til, vegna neikvæðra umhverfisáhrifa. Vegagerðin telur ekki til taps á fjárhagslegumverðmætum að skemma ósnortna strandlengju og að setja gríðarlegar uppfyllingar í fjarðarmynni, en óspillt náttúra er okkur afar verðmæt. Eins og uppfyllingar yfir Gilsfjörð sýna þá eru áhrif þrenginga ekki afturkræf. Inn í Gilsfirði gætir vart lengur flóðs né fjöru og er því umhverfisáhrifin óásættanleg að viðbættri óprýðinni. Í fegurð felast mikil verðmæti sem ætti einnig að taka inn í reikninginn en þessar uppfyllingar vegagerðarinnar draga úr verðmæti allra Vestfjarða sem Útivistarsvæðis og gefa þeim verri ímynd.

Við leggjum fram þá kröfu að umhverfisáhrif séu tekin inn í allan samanburðarreikning á leiðarvali og lagst verði gegn því að uppfyllingar sem hafi einhver áhrif á sjávarföll verði leyfðar.

Að segja að það verði "full vatnaskipti" er ekki nóg því að umhverfisáhrifin eru neikvæð um leið og það kemur þrenging og það verða breytingar á flóði og fjöru. Það er því nauðsynlegt að gera netta brú/brýr yfir alveg allt fjarðarmynnið þegar það er brúað. Þannig næst takmarkið að hafa engin áhrif á flóð og fjöru inn í firðinum og útlitslega verður mun minna inngrip í landslagið.

Við skorum á sveitarstjórnina að leyfa ekki að farin sé þessi ÞH-leið nema að fjarðarmynnin séu brúuð alla leið án uppfyllinga sem ná út í firðina og lýsum við okkur fylgjandi því að fara frekar Reykhólaleið með stórrí smekklegri brú þar sem umhverfisáhrifin verða mun minni og áhrif á ferðaþjónustu mun jákvæðari.

Með bestu kveðju,

Eigendur Sólvallda á Núpi í Dýrafirði (ferðaþjónusta) :

Birgir Þ. Jóhannsson, arkitekt

Astrid Lelarge, phd sagnfræði